

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 1. nóvember 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Ásgrímur Angantýsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Steinunn Stefánsdóttir og Eva María Jónsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Kynning málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 7/2021. Íslensk málstefna 2021–2030 hefur verið birt á síðunni [islenskan.is](http://islenskan.is) en frekari kynningu verður frestað um sinn uns rætt hefur verið við menntamálaráðuneytið.

### 2. Fundur fullskipaðrar málnefndar í nóvember

Sjá fg. stj. ÍM 7/2021. Fundi fullskipaðrar málnefndar, sem halda átti 17. nóvember og fjalla um kynningu á málstefnunni, verður frestað fram í febrúar.

### 3. Önnur mál

#### a. Ábending frá Kjartani Ragnars

Sjá fg. stj. ÍM 7/2021. Að ábendingu Kjartans Ragnars var sent bréf til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis í tilefni af fyrirhugaðri breytingu á reglugerð nr. 850/2020, um umsóknir og skráningu vörumerkja, félagamerkja og ábyrgðar- og gæðamerkja. Kjartan hafði aftur samband og skoraði á Íslenska málnefnd að beita sér fyrir því að að skylda Hugverkastofuna til þess að þýða eða að láta þýða vöru- og þjónustulýsingar alþjóðlegra vörumerkisráninga, sem skráðar eru á Íslandi, og birta þær á íslensku, ásamt hinum enska texta.

#### b. Viðbrögð áhugahóps um kynhlutlaust mál

Sjá fg. stj. ÍM 7/2021 Óformlegur áhugahópur um kynhlutlaust mál sendi athugasemdir við skýrslu þá sem stjórn Íslenskrar málnefndar afgangi á síðasta fundið. Þær athugasemdir sem bárust voru ræddar.

#### c. Fyrirspurn um ritreglur

Fyrirspurn barst frá Jóhanni R. Kristjánssyni um afstöðu Íslenskrar málnefndar gagnvart því að alþjóðleg stórfyrirtæki gefa út fyrirskipun um að ganga gegn íslenskum ritreglum (dæmi: BESTÁ lausnir í stað „BESTÁ-lausnir“, þ.e. að nota ekki bandstrik eins og fram kemur í grein [26.1.2](#) í ritreglum Íslenskrar málnefndar). Í auglýsingum mennta- og menningarmálaráðuneytis um setningu íslenskra ritreglna nr. [695/2016](#) og nr. [800/2018](#) kemur fram að ritreglurnar gildi um stafsetningarkennslu í skólum og útgefið efni á vegum hins opinbera. Ritreglurnar eru viðmið fyrir aðra en ekki skylda.

#### d. Erindi frá stjórn Málræktarsjóðs

Stjórn Málræktarsjóðs átti fund með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis 28. október þar sem rætt var um um þann lið í [þingsályktun nr. 36/149 frá 2019](#) um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi sem varðar sérstaklega orðasöfn og orðanefndir. Á fundinum var rætt um leiðir til að styðja við iðorðastarf í landinu og fram kom tillaga frá ráðuneytinu um að breyta [skipulagsskrá](#)

Málræktarsjóðs og færa niður höfuðstólinn svo að unnt verði að veita fleiri styrki. Stjórn Málræktarsjóðs styður ekki þessa tillögu.

*e. Erindi frá Mjólkursamsölnni*

Mjólkursamsalan hefur auglýst dag íslenskrar tungu á hverju ári og hafa þær auglýsingar verið með merki Íslenskrar málnefndar. Hugmyndir að auglýsingum í ár komu frá auglýsingastofunni *Ennemm* og var beðið um álit stjórnar á þeim.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 18:25.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.